


GRUNNMYND 1:50




ÖRYGGI:

Gera skal ráðstafanir svo að heitt vatn valdi ekki brunaskaða. Það skal gert með viðukendum blöndunartækjum á töppunarstað og varmaskiptir. Eða uppblöndun sem tryggir að vatn fari ekki að töppunarstað með hærra hitastigi en 60°.

Rör í neysluvatnslögn skal vera úr ALPEX eða samsvarandi. Pípur úr Polyethylen með álstyrkingu, súrefnisfrjár sem uppfylla Din 1988 eða sambærilegt. Þær skulu settar saman með ryðfríum pressufittings. Dreifileiðslur skulu lagðar í hlífðarröri rör í rör kerfi. Tengistykki skulu hæfa lagnaefninu. Tappa og botnlök skal setja á lögnina við hvern töppunarstað. Engar samsetningar skulu vera á leiðslum frá dreifikistum að töppunarstað. Tengistykki skulu vera af viðurkenndri gerð og frá sama framleiðanda og lagnir. Lagnaefni skal hafa hlotið vottun RB til notkunar fyrir kalt vatn og upphitað kalt vatn. Setja skal lagnir í hlífðarkápu þar sem þær fara í gegnum vegg, gólf eða blikkstoðir. Lagnir skulu þola a.m.k. 70°C við 10 bar miðað við stöðugt álag og 50 ára endingartíma. Uppgefnar pípuþæðir eru í DN máli og eru nafnmál (innanmál). Við töppunarstaði skal loka stútum með töppum þar til tæki verða tengd. Pípur í veggjum og við loft skal einangra. Stofnlagnir skal einangra með steinullarhólkum með áföstum trefjastyrktum áldúk eða sambærilegt. Lagnir skulu hengdar upp í samræmi við forskrift framleiðanda.

Kerfið skal þrýstireina með köldu vatni með 1.0 Mpa vatnsþrýstingi. Þrýstingurinn skal haldast á kerfinu í 24 klst. án þess að falla. Athuga skal öll samskeyti og ganga úr skugga um að kerfið sé þétt. Þrýstimælir skal vera á kerfinu meðan prófun fer fram. Tilkynna skal eftirlitsmanni með eins sólarhrings fyrirvara, hvenær prófun fer fram. Lagnir skal festa upp með pípuhöldurum með minnst 2m millibili. Þó þannig að þær geti hreyfst óhindrað vegna hitapenslu. Gæta skal þess við lagningu pípa að allur frágangur sé fyrsta flokks.



SKÝRINGAR FYRIR NEYSLUVATN

RÖR Í NEYSLUVATNSLÖGN, FYLGJA SKAL FORSKRIFT FRAMLEIÐANDA HVAÐ VARÐAR UPPSETNINGU, SAMSETNINGU OG FRÁGANG RÖRA. BIL MILLI FESTINGA SÉ SAMKV. IST-67 OG FYRIRMÆLUM FRAMLEIÐANDA RÖRANNA. ALLAR LEIÐSLUR Í NEYSLUVATNSLÖGN EINANGRAST SKV. IST-67. ALLT EFNI SVO OG FRÁGANGUR KERFISINS SÉ Í SAMRÆMI VIÐ IST-67 OG GILDANDI REGLUGERÐIR

SKÝRINGAR VIÐ NEYSLUVATNSLÖGN:

TÁKN FYRIR KALT NEYSLUVATN ————
TÁKN FYRIR HEITT NEYSLUVATN ————

—+— TÖPPUNARSTAÐUR F. KALT NEYSLUVATN

—+— TÖPPUNARSTAÐUR F. HEITT NEYSLUVATN

Rör í neysluvatnslögn, í einangrun við loft, skal vera úr alpexi. Fylgja skal forskrift framleiðanda hvað varðar uppsetningu, samsetningu og frágang röranna. Bil milli festinga sé samkv. IST-67 og fyrirmælum framleiðanda röranna. Allar leiðslur í neysluvatnslögn skulu einangrast skv. IST-67. Kerfið prófast með þrepaprófun skv. leiðbeiningum framleiðanda áður en leiðslur eru huldar. Allt efni svo og frágangur kerfisins sé í samræmi við ákv. IST-67 og gildandi reglugerðir.

Dags.	Breytingar	Nr.	Nafn
 meter teiknistofa ehf Þverholt 3, 270 Mosfellsbær <small>Simi: 5678922, Gsm: 8940059 meter@meter.is, www.meter.is</small>			
<small>ÁRITUN SAMRÆMINGARHÖNNUÐAR:</small> <small>ÁRITUN SAMRÆMINGARHÖNNUÐAR:</small>			
KERLINGARFJÖLL			
NEYSLUVATNSLAGNIR			
<i>6354</i>			
TÖLVUSKRÁ	HANNAD	TEIKNAD	ÚTGÁFA
519-801-KERLINGARFJÖLL	FÓ	FÓ	FÓ 02
SAMBÝKKT	TEIKNING NR.	MKV.	BLAD NR.
Fríðrik Ólafsson 2303592459	519-L03	1:50	L-03
<i>FOLTSSON</i>	DAGS.	VERK NR.	519
	30.08.2015		